

Félag um stafrænt frelsi á Ísland  
<http://www.fsfi.is/>

Reykjavík, 26. mars 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) hefur fengið senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis (383. þingmál). FSFÍ hefur áður komið að undirbúningi þessarar tillögu og meðal annars tekið þátt í þeirri rannsóknarvinnu sem liggur henni til grundvallar. Að mati félagsins felst í henni einstakt en um leið raunhæft tækifæri fyrir Ísland til að skipa sér í fremstu röð á sviði upplýsingatækni.

Markmið FSFÍ er að stuðla að sem bestri hagnýtingu stafrænnar tækni á öllum sviðum. Það er mat félagsins að þessu markmiði verði best náð með því að almenningi sé tryggt ríkulegt stafrænt frelsi. Óumdeilt er að stafræn tækni býður upp á ótal möguleika. Það er hins vegar ljóst að slíkir möguleikar nýtast ekki nema í umhverfi þar sem frumkvæði, framtak og sköpunargáfa einstaklinga fær að njóta sín. Forsenda þess að svo megi verða er að fyrir hendi sé löggjöf sem tryggir almenningi aðgang að stafrænni tækni og frelsi til að hagnýta hana.

Með tilkomu stafrænnar tækni hafa tæknilegir möguleikar almennings til að tjá sig aukist til muna. Hvort slíkir möguleikar hafa í reynd leitt til aukins tjáningarfrelsis hefur hins vegar oltið alfarið á því lagalega umhverfi sem tækninni hefur verið búið. Íbúar í ríkjum þar sem tjáningarfrelsi er takmarkað búa í meginatriðum yfir sömu stafrænu tækni og notuð hefur verið annars staðar til að stórauka möguleika almennings til að miðla upplýsingum og tjá sig. En þar sem stafrænt frelsi hefur verið takmarkað með lögum hafa þeir tæknilegu möguleikar sem fyrir hendi eru til að auka tjáningarfrelsi ekki nýst á sama hátt. Sá mikli munur sem er á hagnýtingu stafrænnar tækni milli ríkja sýnir skýrlega að aukið stafrænt frelsi eykur jafnframt möguleika til tjáningarfrelsis.

FSFÍ telur ljóst að tjáningar- og upplýsingafrelsi muni í æ ríkari mæli velta á frelsi til þess að nýta stafræna tækni. Eftir því sem stafræn miðlun upplýsinga eykst verður tjáningarfrelsi án samsvarandi stafræns frelsis þýðingarminna. Að sama skapi verður tjáningarfrelsi við þessar aðstæður öflugra eftir því sem samsvarandi stafrænt frelsi eykst. FSFÍ leggur áherslu á að sú tillaga sem nú liggur fyrir sé skoðuð í þessu samhengi og hugað verði vandlega að tengslum stafræns frelsis ann-

ars vegar og tjáningar- og upplýsingafrelsis hins vegar. Það er mat félagsins að þeim markmiðum sem stefnt er að með tillögunni verði best náð með þessu móti.

Nýverið fékk FSFÍ sent til umsagnar frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (320. þingmál). Eins og fram kemur í umsögn þess um frumvarpið telur félagið aðstæður á Íslandi henta vel til uppbyggingar margvíslegra atvinnugreina á sviði upplýsingatækni. Jafnframt hefur félagið bent á mikilvægi þess að hugað verði vandlega að lagalegu umhverfi stafrænna gagna við slíka uppbyggingu. Það er mat FSFÍ að sú tillaga sem nú liggur fyrir sé mikilvægt skref í þessa átt.

Öflug og nútímaleg löggjöf um meðferð stafrænna gagna er forsenda þeirrar sóknar á sviði upplýsingatækni sem meðal annars er stefnt að með áðurnefndu frumvarpi um gagnaver í Reykjanesbæ. Slík löggjöf er jafnframt mikilvæg til að tryggja tjáningarfrelsi í nútímaþjóðfélagi. Að mati FSFÍ er sú tillaga til þingsályktunar sem fyrir liggur einkar vel til þess fallin að ná því markmiði að efla tjáningar- og upplýsingafrelsi hér á landi og stuðla jafnframt að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á sviði upplýsingatækni.

Virðingarfyllst, f.h. FSFÍ,

Flóki Ásgeirsson